

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1560
komudagur 2.4. 2002

Nefndasvið Alþingis
Helga E. Þórisdóttir
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. mars 2002
2002030013/016-1
JGO/hj

Frumvörp til laga um Vísinda- og tækniráð (539. mál) og um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (549. mál)

Vitnað er til bréfs menntamálanefndar, iðnaðarnefndar og allsherjarnefndar Alþingis, dags. 6. mars 2002, þar sem óskað er eftir álit á þremur frumvörpum til laga: mál nr. 539, 549 og 553.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur mikilvægt að styrkja starfsumhverfi vísindarannsókna og tækniþróunar í landinu og gera stefnumörkun í vísindum og tækni markvissari en áður. Stofnun vísinda- og tækniráðs með þátttöku fulltrúa vísinda- og tæknimanna, atvinnulífsins og framkvæmdavaldsins getur verið leið til þess, en gæta verður þess að hið nauðsynlega frelsi vísindamannsins verði ekki skert með "pólítískri" stýringu. Á því er hætta ef ekki er gengið tryggilega frá því á lagatexta að faglega sé staðið að allri ákvarðanatöku með vísindi og tækniþróun að leiðarljósi.

Náttúrufræðistofnun telur til mikilla bóta að stofnaður verði heildstæður Rannsóknasjóður sem styrki rannsóknir óháð því hvort um grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir er um að ræða.

Náttúrufræðistofnun telur að gera ætti eftirfarandi lagfæringu á þessum frumvörpum:

1. Gera ætti hæfniskröfur til þeirra sem sæti eiga í Vísinda- og tækniráði til að tryggja að þar verði víðtæk reynsla og þekking á sviði rannsókna, vísinda og tækni. Hætta er á að ráðherrar tilnefni fyrst og fremst embættismenn úr ráðuneytum til setu í ráðinu, sem kæmi í veg fyrir að þar myndadist eðlilegt jafnvægi vísinda og atvinnulífs.

2. Taka ætti tillit til þess að umfangsmiklar vísindarannsóknir fara fram á rannsóknastofnunum ríkisins og veita þeim beinan aðgang að mörkun stefnu í vísindum og tækni ekki síður en háskólasamfélaginu. Á þessum stofnunum er unnið mikið vísinda- og tæknistarf sem miðar að því að fullnægja hinum ýmsu kröfum þjóðlífsins í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Kröfum



sem háskólar og atvinnulíf leiða gjarnan hjá sér.

3. Vandséð er hvaða ávinningur verður af því að skipta Vísinda- og tækniráði í tvær sjö manna nefndir, Vísindanefnd og Tækninefnd. Hætta er á að þessi tvískipting muni ævinlega marka alla umræðu og ákvarðanir í ráðinu og draga fulltrúa í dilla. Vísindamenn myndu væntanlega sitja í "sinni" nefnd og fulltrúar atvinnulífs og ráðuneyta í hinni. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegra að ráðið sjálft annist störf nefndanna þannig að þær verði óþarfar. Með því yrðu skoðanaskipti eðlilegri, áhersla lögð á samræmingu sjónarmiða og stefnumörkun heilsteypari.

4. Til að tryggja að úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði (skv. frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir) verði fagleg og sem minnst umdeild ætti enginn fulltrúi úr Vísinda- og tækniráði að sitja í sjóðstjórnun. Vísinda- og tækninefnd ætti að skipa sjóðstjórnir og hafa eftirlit með störfum þeirra og samþykkja tillögur um úthlutun.

5. Loks telur stofnunin vafa undirorpið hvort æskilegt sé að ráðherrar sitji í Vísinda- og tækniráði vegna hættu á of mikilli pólitískri miðstýringu.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri

